






















Lón - apríl 2024



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
Málhljóð vikunnar: Mjúka g 	1 Annað í páskum Lokað	2  Hreyfing	3  Þemastarf	4  Þemastarf	5  Leikur/nám	6
7 Málhljóð vikunnar: Ææ 	8  Þemastarf Andrei 5 ára 	9  Hreyfing	10  Þemastarf Hrafninn 5 ára 	11  Þemastarf	12  Opið á milli deilda	13
14 Málhljóð vikunnar: Ei/ey 	15  Þemastarf	16  Hreyfing	17 Skipulagsdagur Lokað	18  Þemastarf	19 Valdagur barna Bangsadagur 	20
21 Málhljóð vikunnar: Hj 	22  Þemastarf	23  Hreyfing	24  Þemastarf	25 Sumardagurinn fyrsti Lokað	26 Skráningardagur	27
28 Málhljóð vikunnar: Hi 	29  Þemastarf	30  Hreyfing				

Mánaðarlega birtum við grein úr Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.
Í apríl viljum við vekja athygli á grein nr. 13

Apríl



13. grein Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna

Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk

Hvert barn á rétt á að segja hvað því finnst, hugsa það sem það vill og trú á það sem það vill. Mikilvægt er að skólinn kenni börnum um mannréttindi sín og þau séu skýr í daglegu starfi skólans. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að í leikskólanum sé lagður grunnur að skilningi barna á lýðræði. Börn fá tækifæri til að tjá sig um þarfir sínar og áhuga og að þær upplýsingar sem komi frá börnunum séu notaðar sem grunnur fyrir skipulagningu starfs og umhverfis skóla.

Grænar línur

Í grænum línunum í apríl langar okkur að minna á verslanir með notaðan fatnað og fleira og nytjamarkaðina frábæru hér á Akureyri. Börnin vaxa hratt, veðrið er sífellt að breytast og allskonar klæðnaður nauðsynlegur. Oft er hægt að finna fínan klæðnað á nytjamörkuðum, sérstaklega ef hann þarf ekki endilega að endast í langan tíma s.s. ef kuldagallinn er orðinn of lítill þegar styttist í sumarið.

Auk þess er mikilvægt að huga að því sem við kaupum nýtt, hversu nauðsynlegt er það fyrir okkur, hvernig eru gæðin? Og að lokum hvað gerum við við fatnað og annað sem ekki nýtist okkur lengur.

[Textíll | Saman gegn sóun \(samangegnsoun.is\)](#) , [Aftur nýtt \(afturnytt.is\)](#) , [Lottan](#) , [Fataverslanir - Rauði krossinn á Íslandi \(raudikrossinn.is\)](#) , [Hertex](#)

Farsími deildar: 611-3901

SMT reglur mánaðarins:

Í mars verður farið sérstaklega yfir reglur á **útsivæði** þ.e:



- **Allir ganga frá** - *Allir nemendur hjálpast að við að ganga frá útileikföngum eftir útiveru.*

Kennari fer yfir reglurnar með börnunum og af hverju þær eru mikilvægar. Börnin fá hlutverk og æfa reglurnar með kennara.